

I 3. töl.

19. apríl 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Hátíðardagskrá 1. maí 2022



FRAMSÝN



Að venju standa stéttarfélagin fyrir veglegri hátíðardagskrá í Þróttahöllinni á Húsavík sunnudaginn 1. maí kl. 14:00 þar sem þingeykir listamenn verða í aðalhlutverki. Boðið verður upp heimsins bestu vöfflur með kaffinu, meðan á dagskránni stendur.

Dagskrá:

Ávarp: Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar stéttarfélags

Hátíðarræða: Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar stéttarfélags

Söngur og grín: Stefán Jakobsson tekur lagið og grínast með eins og honum einum er lagið

Tónlistaratriði: Einar Óli tekur frumsamin og þekkt lög eftir aðra listamenn

Tónlistaratriði: Jónas Þór og Arnþór verða á léttu nótunum og taka nokkur lög og reita af sér brandara

Tónlistaratriði: Tónasmiðjan býður til veislu. Hópur flytjenda á ýmsum aldri, spila og syngja lög sem fylgt hafa okkur í gegnum tíðina og notið mikilla vinsælda

Systkinin Elísabet Helgadóttir og Kristján Helgason flytja Maistjörnuna í upphafi hátíðarinnar.

Þingeyingar og landsmenn allir, fjölmennum í höllina og drögum fána að hún á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí 2022.

Samtakamátturinn hefur aldrei skipt meira máli en um þessar mundir.

Framsýn stéttarfélag - Þingið - Starfsmannafélag Húsavíkur

Sveitarfélagið sem verður til í vor við sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er auðugt af fjölbreyttum auðlindum, mannaúði, orku, náttúruperlum og farsælum atvinnuvegum. Það er hlutverk sveitarfélagsins að greina tækifæri sem felast í þessum miklu auðlindum og aðstoða íbúa við að grípa þau. Að sama skapi þurfum við að vera vakandi fyrir þeim ógnunum sem að okkur steðja sem samfélag hverju sinni.

Hér í upphafi verður aðeins tæpt á nokkrum þáttum sem framboðið hefur markað sér stefnu í, en þar má til dæmis nefna þau stórkostlegu tækifæri sem felst í aukinni verðmætasköpun og sjálfbærni hagsun í matvælaframleiðslu svæðisins. Svæðið er ríkt af orku og landsvæði sem samhliða kraftmiklum mannaúði og staðbundinni þekkingu er vel til þess fallið að vera leiðandi í þeirri sjálfbærni hagsun sem nú hefur fengið byr undir báða vængi. Að sama skapi eru á svæðinu allar forsendur til að vera leiðandi í framþróun á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Sem dæmi má nefna að allar jarðvarmavirkjanir Landsvirkjunar verða staðsettar í hinu sameinaða sveitarfélagi og í góðu samstarfi kunna að felast mikil tækifæri. Þá eru veruleg tækifæri til verðmætasköpunar fyrir bændur með framþróun þeirra verkefna sem verið hafa í deiglu, meðal annars á vettvangi Nýsköpunar í norðri.

Það er grundvallarmarkmið að fjölga íbúum sveitarfélagsins og styrkja þannig félagslegar stoðir samfélagsins. Þar er húsnæði mjög takmarkandi þáttur þar sem sveitarfélagið þarf að draga vagninn, annars vegar með því að byggja húsnæði og hins vegar að beita aðalskipulagi til að fjölga heilsársbúsetukostum til kaups og leigu. Þá er aðkallandi að eiga gott samtal við íbúa til að tryggja farsæla framþróun slíkra valmöguleika og framboð í takt við þarfir á svæðinu öllu.

Öflug ferðaþjónusta einkennir stóran hluta sveitarfélagsins og við verðum áfram að styrkja innviðina svo við getum með sem bestum hætti skapað verðmæti með móttöku ferðamanna í fullri sátt við íbúa og náttúru. Slíkt verður einnig forsenda öflugrar innviðauppbyggingar í þágu íbúa og undirstaða fjárfestingargetu sveitarfélagsins.

Nýsköpun í stjórnsýslu

Öflug stjórnsýsla og góðir stjórnarhættir hafa verið í forgrunni í vinnu síðustu ára. Virkt samráð við íbúa með opnum fundum sveitarstjórna, fjölda íbúafunda auk reglulegra pistla og kynningarfundu um hin ýmsu málefni eru nauðsynlegur vettvangur fyrir samtal og samráð við íbúa. Stjórnsýslan er sífellt að þróast og enn eru fjölmörg tækifæri til að gera enn betur.

Stjórnskipulag sameinaðs sveitarfélags hefur vakið athygli, en þar er ekki gert ráð fyrir sveitarstjóra. Þess í stað er áhersla á teymisvinnu sviðsstjóra sveitarfélagsins auk fulltrúa úr sveitarstjórn sem ber ábyrgð á og stýrir vinnu framkvæmdastjórnar. Nú manna sveitarstjórn beri alfarið ábyrgð á mörkun stefnu sveitarfélagsins og framkvæmdastjórn framkvæmir eftir stefnumörkun sveitarstjórnar.

Kosti þessa skipulags teljum við vera fjölmarga umfram hefðbundið skipulag og þess virði að láta á það reyna. Verkefni sveitarstjóra eru mjög yfirgripsmikil og fjölgar sífellt og samstarf um þau á vettvangi framkvæmdastjórnar geti aðeins verið af hinu góða og tryggt markvissari framkvæmd stefnumála sveitarstjórnar. Slíkt gefi tækifæri til verkaskiptingar og samstarfs á grundvelli teymishugsunar. Þá á skipulagið að tryggja góða þjónustu með ein-

földum og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum og boðleiðum, íbúum til heilla. Kostnaður við þetta nýja skipulag ætti einnig að vera lægri enda verði að einfalda þó nokkuð hefðbundið skipulag sveitarfélags af þessari stærðargráðu sem gerði vanalega ráð fyrir sveitarstjórn, byggðarráði og sveitarstjóra auk sviðsstjóra. Betri þjónusta, skilvirkari stjórnsýsla og hagkvæmni að leiðarljósi.

Við leggjum ríka áherslu á fjölskylduvænt starfsumhverfi þar sem starfsfólki sveitarfélagsins líður vel. Slíkt verður tryggt með öflugri mannauðsstefnu sem þegar er til.

Öflug hagsmunagæsla

Eitt megin viðfangsefni komandi ára verður að gæta hagsmuna íbúa svæðisins í hvívetna. Við ætlum okkur að hafa sterka rödd gagnvart ríkisvaldinu og tryggja uppbyggingu og framþróun hins opinbera til stuðnings íbúa svæðisins alls, sem dæmi um innviði sem þarf að efla er hið stóra vegakerfi sveitarfélagsins með holóttum malarvegum og einbreiðum brúm. Vel hefur gengið á liðnum árum enda nemur fjárfesting ríkisins á svæðinu vel á annan milljarð króna. Sem dæmi um vel heppnað samstarf og öfluga hagsmunagæslu má nefna verkefnið í gamla Skútustaðaskóla (hótel Gíg), en þar hefur orðið til þekkingarsamfélag á grunni fjölbreyttra stofnana sem verður spennandi suðupottur rannsókna, miðlunar og þróunar tækifæra á sviði landnýtingar og verndar. Hjartað í því samhengi er nálægðin við Vatnajökulsþjóðgarð og þá starfsemi sem þar blómstrar, en ekki síður hið einstaka verndarsvæði Mývatns og Laxár. Miðstöð náttúruverndar á hvergi betur heima, en á hálendinu við Mývatn og Laxá og þegar upp verður staðið verður við Gíg blómlegur 50 manna vinnustaður.

Hamingjusamt samfélag til framtíðar

Laugardaginn 14. maí ganga íbúar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í fyrsta sinn til kosninga í sameinuðu sveitarfélagi. Sameining sveitarfélaganna hefur átt langan aðdraganda, en hún var samþykkt með afgerandi hætti í kosningu síðastliðið vor.

K-listinn sem býður fram krafta sína í sameinuðu sveitarfélagi er samsettur af breiðum hópi fólks með mismunandi bakgrunn en við eigum það sameiginlegt að bera hag samfélagsins fyrir brjósti og brennum fyrir framförum í þágu íbúa svæðisins. Stefna listans er í grundvallaratriðum að tryggja öllum íbúum sameinaðs sveitarfélags sveigjanlega og góða þjónustu til framtíðar og þar með stöðugt að auka búsetugæði þeirra. Það er einlægur vilji okkar að sveitarfélagið verði eftirsóknarverður staður til að búa á með framúrskarandi þjónustu og sterkum innviðum. Við viljum tryggja árangursríka sameiningu sveitarfélaganna á öllum sviðum með hamingju fólks og stöðugleika í fjárhag og rekstri sveitarfélagsins að leiðarljósi. Okkur finnst mikilvægt að auka nálægð íbúa við stjórnsýslusviðið með því að miðla upplýsingum, tryggja gagnsæi og samráð. Skólastarfið og börnin okkar eru hjartað í samfélaginu og við leggjum mikla áherslu á framþróun þeirra tækifæra sem að þeim snúa, en nánar verður fjallað um þau og margt fleira í næstu pistlum.

Við trúum því að framtíðin sé björt og að saman getum við gert gott samfélag enn betra með gleði og hamingju að leiðarljósi.

Helgi Héðinsson

Jóna Björg Hlöðversdóttir

Landsátak í söfnun og sáningu birkifræs.



Kristinn H. Þorsteinsson stiklar á stóru í máli og myndum um mikilvægi jarðsvegsverndar, endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu með birki, auk þess að kynna landsátak í söfnun og sáningu birkifræs.

Þriðjudagskvöldið 26. apríl klukkan 20.00, Stórutjarnaskóla.
Allir hjartanlega velkomnir.

Skógræktarfélag Suður Þingeyinga.

"Tilkynning um aðalfund Mýsköpunar ehf.

Aðalfundur félagsins verður haldinn **þriðjudaginn 26. apríl 2022 kl 17:00**

Staður: Fundurinn verður haldinn í Skjólbrekku í Mývatnssveit.

Efni: Venjuleg aðalfundarstörf s.b.r. samþykktir félagsins.

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Hagur og rekstur félagsins 2021
4. Efnahags- og rekstrarreikningar 2021
5. Kosning stjórnar, endurskoðanda/skoðunarmanna
6. Ráðstöfun hagnaðar
7. Greiðslur til stjórnar og skoðunarmanna.
8. Tillaga að breytingu á samþykktum - tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu stjórnar.
9. Önnur mál



Fyrir hönd stjórnar Mýsköpunar,
Júlía Katrín Björke"

Vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022

Yfirkjörsstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit veitti viðtöku tveimur frambóðslistum sem lagðir voru fram á fundi með umboðsmönnum þann 8. apríl 2022.

Framboðslistamir hafa verið yfirfarnir og samþykktir. Listana skipa:

E-listi

1	Eygló Sófusdóttir	Laxárvirkjun	kt. 260988-2049	Uppeldis- og menntunarf.
2	Eyþór Kári Ingólfsson	Úlfssæ	kt. 070300-3460	Nemi og starfsm. flugvelli
3	Gerður Sigtryggsdóttir	Hólavegi 1	kt. 020860-5299	Sjálfst. starfandi viðskiptafr.
4	Knútur Emil Jónasson	Knútsstöðum	kt. 190972-4889	Byggingafræðingur
5	Halldór Þ. Sigurðsson	Kálfaströnd	kt. 111047-3839	Bóndi, fv. flugstjóri
6	Sigfús Haraldur Bóasson	Lautavegi 11	kt. 280360-4379	Framkvæmdastjóri
7	Anna Bragadóttir	Skútahrauni 3	kt. 200978-3909	Landfræðingur
8	Einar Óm Kristjánsson	Breiðmýri 2	kt. 120989-3089	Vélfraeðingur
9	Erlingur Ingvarsson	Sandhavgum	kt. 210574-4849	Tamningamaður, bóndi
10	Ósk Helgadóttir	Merki	kt. 110663-3829	Skólaliði, varaform. Framsýnar
11	Olga Hjaltalin Ingólfssdóttir	Laugum, Fjalli	kt. 220686-2649	Framhaldsskólakennari
12	Amþrúður Anna Jónsdóttir	Hraunbergi	kt. 170394-3059	Ferðaþjónustustm.
13	Jónas Þórólfsson	Syðri-Leikskálaá	kt. 310785-3189	Bóndi, kjötöðnaðarmaður
14	Bíma Kristín Friðriksdóttir	Stjónutjarnaskóla	kt. 080369-3959	Grunnskólakennari
15	Eiður Jónsson	Árteigi	kt. 280957-5269	Rafríki
16	Gæðar Jónsson	Stóruvöllum	kt. 250358-5639	Framkvæmdastjóri
17	Sigrún Jónsdóttir	Sólgarði	kt. 271053-2239	Kennari á eftirhaunum
18	Ingi Þór Yngvason	Dagmálaborg	kt. 080452-2179	Húsasmiður

K-listi

1	Helgi Héðinsson	Geiteyjarströnd 1A	kt. 130488-3589	Sveitarstjóri
2	Jóna Björg Hlödversdóttir	Björgum II	kt. 171285-3649	Bóndi
3	Árni Pétur Hilmarsson	Nesi	kt. 160476-4519	Kennari
4	Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir	Birkilandi	kt. 130288-3089	Mannaúðs- og markaðsstjóri
5	Arnór Benónýsson	Hellu	kt. 130854-2819	Framhaldsskólakennari
6	Ulla Árdal	Reykjum	kt. 180387-3669	Markaðsstjóri
7	Guðrún Sigríður Tryggvadóttir	Svarfárkoti	kt. 140571-5989	Bóndi
8	Sigurður Guðni Bóðvarsson	Gautlöndum 1	kt. 271066-5119	Bóndi
9	Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson	Öndólfstöðum	kt. 090469-5849	Stálvirkjasmiður
10	Patrycja Maria Reimus	Þingeyjarskóla	kt. 240594-4129	Rekstrarstjóri í ferðaþjónustu
11	Hallgrímur Páll Leifsson	Vogum	kt. 200693-2489	Flugmaður
12	Elisabet Sigurðardóttir	Reykjahlið	kt. 010782-4499	Baðvörður og heilsunuddnemni
13	Sæþór Gunnsteinsson	Presthvammi	kt. 150370-3969	Bóndi
14	Linda Björk Árnadóttir	Skútahrauni	kt. 220193-4389	Viðskiptafræðingur
15	Snæþór Haukur Sveinbjörnsson	Búvöllum	kt. 170294-3439	Bóndi
16	Freydís Anna Ingvarsdóttir	Miðhvammi	kt. 130480-3149	Sjúkralíði og bóndi
17	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Holti	kt. 310873-5359	Skólameistari
18	Dagbjört Sigríður Bjarnadóttir	Vagnbrékku	kt. 220558-4959	Hjúkrunarfræðingur

E-listi

...

Íbúalistinn

Íbúalistinn býður til kynningarfunda þar sem íbúum nýsameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar gefst tækifæri til að:

Kynnast frambjóðendum
Koma sínum sjónarmiðum á framfæri
Spyrja frambjóðendur
Fræðast og ræða um málefni sveitarfélagsins

Kynningarfundirnir verða sem hér segir:

Stórutjarnaskóli - mánudagur 25. apríl kl.17:00

Kiðagil - mánudagur 25. apríl kl. 20:00

Skjólbrekka - miðvikudagur 27. apríl kl. 20.00

Breiðumýri - fimmtudagur 28. apríl kl. 17.00

Ýdalir - fimmtudagur 28. apríl kl. 20.00

Við viljum heyra þína skoðun!

X-E

Hótel Tjarnir auglýsir eftir starfsmönnum fyrir sumarið 2022.

Hótel Tjarnir er 16 herbergja hótél staðsett við Stórutjarnaskóla í 20 mínútna akstri frá Akureyri.

Auglýst starf er fyrir herbergjapríf og tilfallandi verkefni sem snúa að daglegum rekstri. Opnunartími er júní til september.

Hæfnikröfur:

Stundvísi, kurteisi, jákvætt viðhorf, gott auga fyrir smáatriðum, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta talað ensku, verð sveigjanlegur og tekið ábyrgð á því sem fylgir daglegum verkefnum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Herbergjapríf, tiltekt og daglegt skipulag

Áhugasamir geta haft samband í síma 839-6282 eða í tölvupósti á adalgeir.asvaldsson@gmail.com

Hótel Tjarnir is looking for maids for the summer season 2022.

Hótel Tjarnir is a 16 room hotel located 20 mins outside of Akureyri by Stórutjarnaskóli.

Opening hours for the hotel is June until September 2022.

Requirements and skills:

Punctuality, good work ethics and communication skills. Responsible personality with attention to detail and quality cleaning. Positive attitude, good problem solving skills, willingness to work with others and being able to work independently.

Tasks and responsibility:

General cleaning, housekeeping and day to day organization.

Please contact us via email at adalgeir.asvaldsson@gmail.com or via cell phone 839-6282

Aðalsafnaðarfundur Einarstaðasóknar

verður haldinn í Dalkofanum mánudaginn 2 maí kl.20:30

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns
 2. Reikningar garðs og kirkju
 3. Safnaðarheimili
 4. Kosningar
 5. Önnur mál
- Heitt á könnunni

Verið velkomin Sóknarnefnd

Aðalfundur

Búnaðarfélags Ljósavatnshrepps

verður haldinn í Ljósvetningabúð

föstudaginn 22. apríl 2022 kl. 13.00

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin